

**532. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 18. desember
2019 og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður og Smári Karlsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Umsókn um lóðir - Tungubraut 2-4-6-8-10 - 2019120023

Ómar Guðmundsson sækir um lóðir við Tungubraut f.h. Hrafnshóls ehf., sótt er um raðhúsaloðir við Tungubraut 2-4-6-8 og 10

Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 21. nóvember 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Hrafnshóll ehf. fái raðhúsaloðir við Tungubraut 2-4-6-8 og 10, Ísafíði, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

2. Umsókn um lóð - Mávagarður E - 2019110063

Brynjar Ingason sækir um lóð E við Mávagarð, f.h. Kampa ehf. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn dags. 22. nóvember 2019

Umsókn um lóð er synjað með vísan í gr. 1.3 í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, lóðin hefur ekki verið auglýst til úthlutunar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir afstöðu hafnarstjórnar þar sem lóðin er á skilgreindu hafnarsvæði og ætluð til olíudreifingar skv. skipulagi.

3. Göngustígur í Eyrarhlíð - framkvæmdaleyfi - 2017120019

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 504 var samþykkt framkvæmdarleyfi fyrir stíg frá skíðavegi að gömlu námunni ofan Grænagarðs, um var að ræða 500 m sem er hluti af stærri framkvæmd. Hluti framkvæmdar sem er ólokið er stígur úr námu ofan Grænagarðs, út hlíðina ofantil upp fyrir gömlu námuna ofan Engis, með áframaldandi tengingu niður í gamla reitinn og inn á núvrandi stíg.

Fylgigögn eru undirritað erindsbréf Skóræktarfélags Ísafjarðar ásamt uppdráttum frá Verkis nr. C72001A

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis, verkið skal unnið í samráði við Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

4. Sjókvíaelði ÍS 47 ehf. í Önundarfirði - 2013110015

Lagður fram tölvupóstur Hjartar Methúsalemssonar, f.h. Matvælastofnunar, dagsettur 11. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna umsóknar ÍS-47 ehf. um rekstrarleyfi fyrir sjókvíldi í Önundarfirði. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1087. fundi sínum 16. desember sl., og vísaði því til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis.

5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 9. desember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (viðaukar). 436. mál. Umsagnarfrestur er til 10. janúar nk. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1087. fundi sínum 16. desember sl., og vísaði því til umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd.

6. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 14. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál. Umsagnarfrestur er til 5. desember nk. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1083. fundi sínum 18. nóvember sl., og vísaði því til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd.

7. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar - endurskoðun - 2015100008

Kynnt drög að skipulagslýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Gögn kynnt.

8. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði á Þingeyri - Sjávangata 4 - 2019100042

Hafnarstjórn tók fyrir eftirfarandi erindi á fundi sínum nr. 208 þann 6. desember sl. Erindi hafði áður verið vísað til hafnarstjórnar af fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 528

Viðar Magnússon sækir um lóð að Sjávangötu 4, Þingeyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 10.10.2019.

Eftirfarandi var bókað: Lóð við Sjávangötu 4 er ekki laus til úthlutunar þar sem lóðin er ekki skilgreind sem byggingarlóð í deiliskipulagi. Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Hafnarstjórnar á breyttri nýtingu lóðarinnar.

Erindi lagt fram. Hafnarstjórn setur sig ekki á móti úthlutun lóðar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall og byggingarreitur verði skilgreind á lóð við Sjávangötu 4, að lokinni deiliskipulagsbreytingu, verður lóðin sett á lóðarlista yfir lausar lóðir.

9. Náma Dagverðardal Efnistaka og Landmótun - 2019120048

Kynnt gögn er varða efnistöku í Dagverðardal.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir nýtingaráætlun vegna námu í Dagverðardal.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Sigurður Mar Óskarsson

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Axel Rodriguez Överby